

Í dag er laugardagurinn 9. ágúst — 221. dagur ársins Romanus — Þjóðfundir slitið 1851 — Tungl í hásuðri kl. 7.30 — Árdegisháflæði kl. 12.35.



ÚTVARPIÐ Í DAG:

- 12.50 Óskalög sjúklinga.
14.00 Laugardagsljógin.
19.30 Samsöngur: Comedian Harmonists syngja (pl.).
20.30 Raddir skálda: „Dagsönn við ána“, smásaga eftir Indriða G. Þorsteinsson (Höfundur les).
20.50 Tónleikar: Lög eftir Rudolf Friml (pl.).
21.15 Leikrit: Óboðinn gestur eftir Wilfrid Massey í þýðingu Óskars Ingimarssonar. — Leikstjóri: Ævar Kvaran. Leikendur: Herdis Þorvaldsdóttir, Ævar Kvaran, Bryndís Pétursdóttir, Jón Aðils og Þóra Borg.

Útvarpið á morgun:

- 9.30 Fréttir og morguntónleikar: Triósonata íB-dúr eftir Stradella. b) Svikulást, lagaflokkur eftir Bach. c) Concerto grosso í F-dúr op. 6 nr. 2 eftir Händel. d) Giuseppe Valdengo syngur lög eftir Tosti. e) Róm, ballettmúsik eftir Bizet.
11.00 Messa í Dómkirkjunni.
15.00 Miðdegistónleikar: a) Frá útvarpinu í Ísrael: Fimm austurlenzkir dansar eftir Shabtai Petrushka. b) Frá tónleikum í Austurbæjarbúi 10. júní s.l.: Wolff svngur þjóðlög; Hermann Reutter leikur undir á píanó. c) Symphonie Espagnole op. 21 eftir Lalo.
16.00 Kaffitíminn: Létt lög af plötum.
16.30 Sunnudagsljógin.
18.30 Þarnatími (Helga og Hulda Valtýsdóttir) a) Leikrit: Stóllinn hennar ömmu, 5. kafli: Saga af Vanþakklátum og Hugþrúðum. — Leikstjóri Helgi Skúlason. b) Upplestur og tónleikar
19.30 Tónleikar: Reginald Foort leikur á bíóorgel
20.20 Æskuljóðir VII: Vestmannaeyjar (Sigurður Guttormsson bankafulltrúi).
20.45 Músik frá tónlistarhátíðinni í Prag á líðnu vori: Hljómsveitarþættir og atriði úr óperum eftir tékknesk tónskáld (Tékkneskir listamenn flytja).
21.20 Í stuttu máli. — Umsjónarmaður: Jónas Jónasson.
22.05 Danslög (pl.) til 23.30.

SKIPIN

Skibaútgerð ríkisins

Hekla er í Kristiansand á leið til Thorshavn. Esia er á Akureyri á austurleið. Herðubreið er væntanleg til Reykjavíkur í dag frá Austfjörðum. Skjaldubreið fór frá Reykjavík í gærkvöldi til Breiðfjarðarhafna. Þyrill er væntanlegur til Reykjavíkur í dag frá Raufarhöfn.

M.f. Eimskipafélag Íslands Dettifoss kom til Helsingfors 7. þ. m. fer þaðan til Kotka, Gäddvika, Eleckefjord og Faxaflóahafna. Fjallfoss fór frá Sevdísfirði í gærkvöldi til Norðfjarðar, Eskifjarðar, Reyðarfjarðar, Fáskrúðarfjarðar og Reykjavíkur. Goðafoss fór frá Reykjavík 4. þ. m. til New York. Gullfoss fer frá Reykja-

vík kl. 12 á hádegi í dag til Leith og Kaupmannahafnar. Lagarfoss kom til Reykjavíkur 7. þ. m. frá Hamborg. Reykjavíkfoss fer frá Hull í dag til Rvíkur. Tröllafoss fór frá New York 2. þ. m. til Reykjavíkur. Tungufoss fór frá Siglufirði 7. þ. m. til Lysekil, Gautaborgar, Kaupmannahafnar og Hamborgar. Reinbeck fór frá Rotterdam í gær til Reykjavíkur. Drangajökull lestar í Hamborg 12. þ. m. til Reykjavíkur.

Skipadeild SÍS:

Hvassafell er í Reykjavík. Arnarfell er í Helsingfors. Jökulfell er væntanlegt til Reyðarfjarðar í dag. Dísarfell er í Leningrad. Litlafell losar á Norðurlandshöfnum. Helgafell er á Ísafirði. Hamrafell er væntanlegt til Reykjavíkur 13. þ. m. frá Batumi.

FLUGIÐ

Flugfélag Íslands h.f.

Millilandaflug. Millilandaflugvélin Gullfaxi fer til Glasgow og Kaupmannahafnar kl. 8 í dag. Væntanleg aftur til Reykjavíkur kl. 22.45 í kvöld. Flugvélin fer til Glasgow og Kaupmannahafnar kl. 8 í fyrramálið. Millilandaflugvélin Hrimfaxi fer til Oslóar, Kaupmannahafnar og Hamborgar kl. 10 í dag. Væntanleg aftur til Reykjavíkur kl. 16.50 á morgun. Innanlandsflug: Í dag er áætlað að fljúga til Akureyrar (3 ferðir), Bænduóss, Egilsstaða, Ísafjarðar, Sauðárkróks, Skógasands, Vestmannaeyja (2 ferðir) og Þórshafnar. Á morgun er áætlað að fljúga til Akureyrar (2 ferðir), Húsavíkur, Ísafjarðar, Siglufjarðar og Vestmannaeyja.

Loftleiðir h.f.

Hekla er væntanleg kl. 12 frá New York. Fer kl. 9.45 til Gautaborgar, Kaupmannahafnar og Hamborgar. Edda er væntanleg kl. 21 frá Stafangri og Glasgow. Fer kl. 22.30 til New York.

Bæjarbókasafn Reykjavíkur

sími 1-23-68

Aðalsafnið Þinghóltsstræti 29A (Esbjerg). Útlánadeild: Opíð alla virka daga kl. 14—22, nema laugardaga kl. 13—16. Lesstofa: Opíð alla virka daga kl. 10—12 og 13—22, nema laugardaga kl. 10—12 og 13—16.

Dómkirkjan

messa á morgun klukkan 11 f. h. Séra Árelíus Nielsson.

Slysavarðstofan

Í Heilsuverndarstöðinni er opin allan sólarhringinn. Læknavörður L.R. fyrir vitjanir er á sama stað frá kl. 18—8, sími 1-50-30.



— Einn, tveir — einn, tveir — einn, tveir . . .

Ferðafélag Íslands:

Átta daga ferð um A-Skaftafellssýslu

400—500 manns voru á vegum Ferðafélagsins um verzlunarmannahelgina, 3 ferðir í dag

Ferðafélag Íslands efnir til 8 daga ferðar um Austur-Skaftafellssýslu um miðjan ágúst, en á þeim slóðum er einna tilkomumest landslag á Íslandi.

Um síðustu helgi voru 400—500 manns í ferðum Ferðafélagsins — og myndi hafa orðið fleira ef nægur bílakostur hefði verið fyrir hendi.

Í dag fer félagið þrjár ferðir: í Þórsmörk, að Landmannalaugum og inn á Kjöl og til Kerlingarfjalla.

Ferðin um Austur-Skaftafellssýslu hefst 15. þ. m. Flogið verður héðan austur á Melatanga (hjá Hæfn í Hornafirði) og þaðan farið um Nesin. Lónið og vestur Mýrar, um Suðursveit, Breiðamerkursand og endilöng Örafinn að Skaftafelli, en þar verður dvalið í 1—2 daga og m.a. farið í Bæjarstaðarskóg. Á þessari leið eru margir rómaðir staðir eins og Almannaskarð, með eitt víðasta útsýni á landinu, Evstrahorn, — og fjalla- og jökulásyn er hvergi eins stórbrotin á landinu og á leiðinni úr Hornafirði vestur yfir Örafinn. Á þeirri leið

er m.a. Jökulsá á Breiðamerkursandi, en þar sjá menn eitt nýjasta fyrirbærið í myndunarsögu landsins, þar er eina salta stöðuvatnið á landi hér, sem sennilega verður einnig eitt hið dýpsta á landinu, þar sem sjórinn fellur inn í „dalinn“ sem skriðjökullinn hefur gert í landið. Þegar yfir Breiðamerkursand kemur verður komið við á Kvískerjum og Hofi. Heim verður flogið frá Fagurhólsmýri.

Hver á fegursta garð Reykjavíkur í ár?

Orðsending frá Fegrunarfélaginu

Eins og undanfarin ár eru nú skoðaðir á vegum Fegrunarfélagsins garðar í Reykjavík og veitir félagið síðan viðurkönningu fyrir fegurstu garðana. Skoðuninni verður lokið fyrir 18. ágúst.

Félagið beinir þeirri áskorun til hús- og garðeigenda að þeir leggi fram sinn skerf til fegrunar bæjarins með því að hirða einnig og prýða hús sín og löðir, þótt ekki sé um beina skruðgarða að ræða, þótt það séu þeir sem nú eru skoðaðir.

Félagið er þakklátt bæjarbúum fyrir vinsamlega og góða samvinnu á undanförunum árum og fyrir margvísleg störf, sem fjöldi fólks hefur unnið að garðrækt og þar með ekki einungis aukið sjálfu sér ánægju og prýtt í kringum hús sín, heldur einnig sett nýjan og fagran svip á bæinn í heild. Félagið ventir þess að einnig í sumar komi það í ljós að margir fagrir og snyrtilegir garðar eru hér, nýir eða gamlir eða endurskipulagðir.



Eftirtaldar ferðir hefjast 9. ágúst. 9 daga ferð um Fjallabaksveg og Núpsstaðarskóg. 2 daga Þjórsárdalsferð. 2 daga ferð í Landmannalaugar.

Ferðaskrifstofa

PÁLS ARASONAR

Hafnarstræti 8

Sími 17-641.

18 konur hljóta styrkveitingar


Nýlega er lokið úthlutun styrkja úr Menningar- og minningarsjóði kvenna fyrir yfirstandandi ár. Úthlutað var 32 þúsund krónum til 18 kvenna. Nokkrar fleiri umsóknir bárust, en ekki var hægt að sinna að þessu sinni. Eftirtaldir styrkir voru veittr:

Alma E. Hansen, Rvík. Tónlist í Þýskalandi kr. 2000. Arnheiður Sigurðardóttir, S-Þing. Ísl. fræði við Háskóla Íslands kr. 2000. Ásdís Jóhannsdóttir, Hveragerði. Efnafr. í Þýskalandi kr. 3500. Ásgerður Ester Búaðóttir, Rvík. Myndvafnaður kr. 1500. Gísfrún Sigurbjörnsdóttir, Rvík. Listvafnaður í Austurríki, kr. 1000. Grímhildur Bragadóttir, Árness. Tannlækn. í Þýskalandi kr. 2500. Guðrún Jónsdóttir, Rvík. Hýbýlafræði í Danmörku kr. 1000. Guðrún Sigríður Magnúsd., V-Skaftafellss. Íslenzk fr. Háskóla Íslands kr. 1500. Gústa I. Sigurðardóttir Rvík. Franska og fr. bókm. í Frakklandi kr. 2500. Helena Louise Markan, Rvík. Söngur í Svíþjóð kr. 1000. Ingibjörg Stephensen, Rvík. Tannlækningar í Englandi kr. 2000. Jóna Þorsteinsdóttir Reykjavík. Listvafnaður í Austurríki kr. 1000. Maja Sigurðard. Akureyri. Sálarfr. í Bretlandi kr. 3500. Margrét E. Margeirsdóttir Rvík. Félagsmálafr. í Danmörku kr. 1500. Olga Pétursdóttir Rvík. Sjúkranudd í Þýskal. kr. 1000. Sigrún Arnad. Rvík Ísl. fræði Hásk. Ísl. kr. 1500. Sólveig Kolbeinsd. Íslenzk fræði við Háskóla Ísl. kr. 1000. Zita Kolbrún Benediktsd. Rvík. Tónlist í Danmörku kr. 2000.

Næturvarsla

Þessa viku er í Ingólfs apóteki. Opíð kl. 22—9.

Þórður sjóari



Í þrjá daga sigldi Þórður Láru í kringum eyjarnar í þeirri veiku von að Brighton hefði komiðt í land og myndi sjá hann. En ekkert kvíkt var að sjá. Að enduðum þriðja degi gaf hann upp alla von og setti stefnuna til Durban. Einmitt þegar þeir höfðu komiðt



á staðir um afdrif skipsins og Brighton átti vísa uppveislu æru sinnar, þá skeðu þessir hryggilegu atburðir. Láru var nú kominn á fulla ferð og Þórður setti styrkið fast og gekk niður til að fara í letur þessa sorglegu sögu. (Hér verða kaflaskil í sögunni).